

Dagsetningar vegna vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árin 2027 – 2030*

9. júní er fundur sveitarstjórnar þar sem verkáætlun um fjárhagsáætlunarferlið er kynnt ásamt drögum að dagsetningum í fjárhagsáætlunarvinnuni. Rætt um raunstöðu, ramma, stöðu einstaka deilda, endurskoðun og fl.

Fyrir 14. ágúst (föstud.) sé haldinn vinnufundur sveitarstjórnar varðandi áherslur fjárhagsáætlunar fyrir árin 2027-2030. Þar þarf m.a. að ræða mönnun, laun, stöðu samstarfsverkefna s.s. byggðarsamlaga og fl. Áherslur sveitarstjórnar liggi þannig fyrir eigi síðar en mánudaginn 17. ágúst nk. Hérna er áætlað að verði komin viðmið frá Sambandinu.

Í vikunni eftir, 17. – 21. ágúst verði fyrsti vinnufundur byggðarráðs með starfsfólki Dalabyggðar.

3. september. Vinnufundur sveitarstjórnar, aðal – og varamenn í sveitarstjórn boðaðir og áherslur ræddar hvað varðar rekstur og framkvæmdir. Staðsetning: Dalabúð.

7.-10. september. Upplýsingar til stjórnenda. Upplýsingar sendar deildarstjórum/ábyrgðarmönnum málaflókka ásamt *Verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun.*

14. september kl. 10:30. Fundir með deildarstjórum og forsendur kynntar. Deildarstjórar vinni í sínum áætlunum og skili inn tillögum fyrir 5. október.

Fyrir 12. október (14. sept – 9. okt) taki nefndir fyrstu umræðu um ramma innan síns málaflökks, áherslur og gjaldskrár ræddar þar sem við á. Nefndir eru hvattar til að koma með tillögur og/eða ábendingar varðandi fjárfestingar. Kalla eftir upplýsingum t.a.m. frá fjallskilaneftendum varðandi ástand rétta og þ.h.

8. og 9. október. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.

15. október (færður v/Fjármálaráðstefnu). Sveitarstjórnarfundur, á undirbúningsfundi gefst tækifæri til að ræða áherslur í rekstri og framkvæmdum.

22. október. Byggðarráð ræðir fram komin gögn við vinnu við fjárhagsáætlun og ræðir einnig um áherslur í fjárfestingum. Gert ráð fyrir að forsendur Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir vinnslu fjárheimilda á árinu 2027 veðri komnar og lagðar fram. Drög að útkomuspá fyrir árið 2026 lögð fram.

23. október – 2. nóvember. Nefndum kynnt staða ramma innan þess málaflökks sem um ræðir, áherslur og gjaldskrár ræddar þar sem við á.

5. nóvember – aukafundur Byggðarráðs (*ef þarf*). Kynnt drög/tillaga að fjárhagsáætlun ásamt drögum/tillögu að fjárfestingaráætlun 2027 – 2030. Að óbreyttu er tillaga að þetta verði lokafundur fyrir fyrri umræðu í sveitarstjórn.

12. nóvember. Sveitarstjórnarfundur fyrri umræða. Staða mála varðandi vinnu við fjárhagsáætlun rædd á vinnufundi/undirbúningsfundi fyrir reglubundin fund sveitarstjórnar þennan dag og á fundinum tekin til fyrri umræðu tillaga að fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2027-2030.

16./17. nóvember. Íbúafundur/fundir í Nýsköpunarsetri, kynnti staða vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

26. nóvember. Byggðarráð – staða mála við vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun rædd. Einnig yfirfarin útkomuspá fyrir árið 2026. Umræður og ábendingar frá íbúafundi ræddar.

10. desember. Sveitarstjórn – seinni umræða um fjárhags- og framkvæmdaáætlun. *Seinni umræða þarf að fara fyrir 15. desember.*

Fyrir 15. desember. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2027 – 2030 kynnt á vef Dalabyggðar og skilað inn til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hagstofunnar o.s.frv.

**með fyrirvara um að einstaka dagsetningar og fyrirkomulag kann að taka breytingum.*